



Tálknafjörður

Tálknafjörður

Tálknafjarðarhreppur - Kt. 640269-6779 - Strandgata 38, 460 Tálknafirði Sími: 450-2500 - talknafjordur@talknafjordur.is

Vegagerðin
b/t Bergþóru Þorkelsdóttur, forstjóra
Suðurhrauni 3
210 Garðabær

Tálknafjörður, 18. október 2023

Efni: Vetrarþjónusta á þjóðvegum á sunnanverðum Vestfjörðum og fleira.

Á 68. fundi samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 17.10.2023 var fjallað vetrarþjónustu á þjóðvegum í framhaldi af samráðsfundi Vegagerðarinnar sem fór fram á Ísafirði 09.10.2023. Einnig var fjallað um tillögu til samgönguáætlunar fyrir árin 2024-2038 og fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028. Nefndin gerði eftirfarandi bókun vegna málsins:

Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps fer fram á endurskoðun reglna á vetrarþjónustu á sunnanverðum Vestfjörðum í ljósi aukinnar umferðar og slæms ástands vegakerfisins, með það að leiðarljósi að þjónustutími verði lengdur. Um er að ræða vegi sem tengja saman samfélög innan Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps annars vegar og hins vegar leiðir sveitarfélagsins til höfuðborgarsvæðisins.

Hvort sveitarfélag fyrir sig mun gera umsögn um tillögu til þingsáætlunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038.

Samráðsnefndin óskar eftir upplýsingum frá Vegagerðinni hvenær von er á því að ferjusiglingar Baldurs haldi áfram, en gamli Baldur hefur hætt starfsemi og beðið er eftir að næsti Baldur komi og hefji ferjusiglingar.

Þessu er hér með komið á framfæri fyrir hönd samráðsnefndarinnar.

Virðingarfyllst,




Ólafur Þór Ólafsson
sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps

Afrit sent: Innviðaráðuneytið, Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og Vesturbyggð.